

SUMARTÓNLEIKAR

2017

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Priðjudaginn 4. júlí
kl. 20:30



Gunnar og Helga Bryndís

Gunnar Kvaran sellóleikari og **Helga Bryndís Magnúsdóttir** píanóleikari.

Tólf tilbrigði í G dúr WoO 45 við stef úr Judasi Maccabaeus eftir Händel, og *Sjö tilbrigði* í Es dúr WoO 46 við stef úr Töfrafalutu Mozarts, hvoru tveggja eftir Ludwig van Beethoven. Sónata ópus 40 eftir Schostakovits og frumflutningur verksins *Til Merete* eftir Jónas Tómasson.

Priðjudaginn 11. júlí
kl. 20:30



Freyr, Leo og Anna

Anna Noaks og **Freyr Sigurjónsson** flautuleikarar og **Leo Nicholson** píanóleikari.

Rigoletto – Fantasie ópus 38 eftir Franz og Karl Doppler, *Return to Avalon* eftir David Heath, *Hebe* eftir Georgia Cooke og *Trio pour deux flûtes et piano* eftir Jean-Michel Damase.

Priðjudaginn 18. júlí
kl. 20:30



Sólveig og Sergio

Sólveig Thoroddsen hörpuleikari og **Sergio Coto Blanco** lútu-leikari.

Tónlist frá endurreisnar- og snemmbarakktímanum. Leikin verk úr Faenza-handritinu frá 15. öld sem og verk eftir Bellerofonte Castaldi, Giovanni Girolamo Kapsberger og Joan Ambrosio Dalza. Leikið er á endurgerðir af gömlum hljóðfærum.

Priðjudaginn 25. júlí
kl. 20:30



Guðrún, Anna Guðný og Elmar

Á fjölunum - Ljóð úr leikhúsi

Guðrún Ingimarsdóttir sópran, **Elmar Gilbertsson** tenór og **Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanó.

Lög og aríur úr íslenskum leikverkum og óperum eftir Pál Ísólfs-son, Atla Heimi Sveinsson, Jón Ásgeirsson, Jón Múla og Jónas Árnasyni og Gunnar Þórðarson. Einnig erlendar aríur og dúettar frá óperusviðinu.

Priðjudaginn 1. ágúst
kl. 20:30



Erik, Valgerður, Guðjón og Helga Laufey

Kvartettinn Kurr

Valgerður Guðnadóttir söngkona, **Helga Laufey Finnboga-dóttir** píanóleikari, **Guðjón Steinar Þorláksson** kontrabassa-leikari og **Erik Qwick** slagverksleikari.

Hjóðlög og suðrænir tangóar. Lífleg og fjölbreytt efnisskrá, að nokkru leyti spunnin og undir áhrifum jazztónlistar.

Priðjudaginn 8. ágúst
kl. 20:30



Sebastiano og Marco

Marco Scolastra og **Sebastiano Brusco** píanóleikarar – fjór-hent.

Deux Marches caractéristiques eftir Franz Schubert, *Ungarische Tänze* eftir Johannes Brahms, *Hugleidiðingar* eftir Giuseppe Martucci um „Un ballo in maschera“ eftir Verdi, *Blaðsíður úr striðinu* eftir Alfredo Casella og *Ítölsk kaprísa* ópus 45 eftir Piotr Tjajkovski.

Priðjudaginn 15. ágúst
kl. 20:30



Fjárlaganefrnd

Fjárlaganefrnd

Oktett skipaður sögnemum úr Tónlistarskólanum í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. **Sólveig Sigurðardóttir** sópran, **Ásta María Stefánsdóttir** sópran, **Freyðis Þrastardóttir** alt, **Valgerður Helgadóttir** alt, **Pórhallur Auður Helgason** tenór, **Gunnar Thór Örnólfsson** tenór, **Böðvar Ingi Geirfinnsson** bassi og **Ragnar Pétur Jóhannesson** bassi.

Íslensk kvöldljóð og madrígalar. Á móti íslenskri kvöldkyrrðinni koma Madrigalarnir, glettnir og oft klúrir – popplög síns tíma – , og henta sérlega vel fyrir þau sumarkvöld sem ekki eru jafn kyrrlát.